

TILLAGA AÐ ÁLYKTUN AÐALFUNDAR UM BROTTFARARSTÖÐ

Lögð fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi 9. maí 2026

Flm: Sigríður Stefánsdóttir formaður Rauða krossins á Íslandi, Jón Ásgeirsson varaformaður, Arnbjörg Sveinsdóttir stjórnarmaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir stjórnarmaður, Ívar Kristinsson stjórnarmaður, Magnea Gná Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Óttarr Ólafur Proppé stjórnarmaður, Símon Friðrik Símonarson stjórnarmaður, Valgerður Bláklukka Fjölisdóttir stjórnarmaður, Árni Jóhannsson varamaður, Unnsteinn Ingason varamaður.

Tillagan:

Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi skorar á stjórnvöld að hverfa frá áformum um að svipta börn og fjölskyldur þeirra, sem hingað hafa flúið, frelsi í brottfararstöð.

Greinargerð:

Aðalfundur Rauða krossins minnir á að hvers konar mismunun, ekki síst þegar börn eiga í hlut, er skaðleg. Frelsissvipting af þeim toga sem áformuð er í brottfararstöðvum er skaðleg einstaklingum, sérstaklega börnum.

Rauði krossinn stendur ávallt með þeim sem minnst mega sín á hverjum tíma. Börn á flóttu eru einn viðkvæmasti hópur samtímans. Rauði krossinn skorar á stjórnvöld að láta af þeim áformum sínum að svipta þessi börn frelsi með einum eða öðrum hætti og nýta fremur vægari úrræði sem gagnreynd hafa verið annars staðar.

Aldrei ætti að vista börn í lokuðu varðhaldi og er það skýlaus krafa skv. stefnu og yfirlýsingum Flóttamannastofnunar, hvorki um lengri eða skemmri tíma. Ekki er gert ráð fyrir að afstaða barns, sem hefur aldur til, sé alltaf tekin til skoðunar af þeim sem ákveður varðhald þess. Fram kemur að leitast er við að varðhald barna sé eins stutt og mögulegt er, en Rauði krossinn telur alvarlegt að barn sé gert ábyrgt fyrir ákvörðunum foreldra sinna.